

Alþingi  
Erindi nr. P 119/79  
komudagur 7/6 1995

AS, 07.06.95

## Punktur um Gatt-samning

Aukinnar samkeppni mun gæta í milliríkjaverslun með matvæli á næstu árum. Þessi þróun mun væntanlega verða hægari en gert var ráð fyrir með GATT-samningnum. Hagsmunir Íslendinga sem útflytjenda matvæla eru auðvitað þeir að frelsi í viðskiptum með matvæli séu sem mest og tollmúrar og viðskipta-hindranir sem minnstar.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir mikilli tollvernd, og að ekki verði breyting á því á næstu árum. Varla verður séð af frumvarpinu að um miklar breytingar verði að ræða þótt bann verði afnumið á innflutningi búvara.

Með GATT-samkomulaginu er engu að síður stigið stórt skref. Með því eru settar reglur um viðskipti með búvörur sem kemur þeim inn í ramma almennra viðskipta. Miklar líkur eru á því að í framtíðinni verði dregið verulega úr tollvernd búvara þannig að milliríkjaviðskipti með þær aukist.

Fyrir Íslendinga og íslenskan landbúnað skiptir auðvitað mestu að íslenskar vörur séu samkeppnisfærar við innflutning, bæði hvað gæði og verð varðar. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að horfa til framtíðar. Nauðsynlegt er að sjá breytingar fyrir í tíma og bregðast við af raunsæi. Við þurfum að komast í þá aðstöðu að stýra þróun þessara mála hjá okkur sjálf í stað þess að standa einn góðan veðurdag frammi fyrir erfiðum vandamálum.

Fyrir íslenska neytendur skiptir auðvitað miklu að tollvernd á landbúnaðarvörum sé ekki svo mikil að verð á þeim lækki alls ekki. Því miður virðist raunin verða sú ef fyrirbyggjandi frumvarp verður samþykkt óbreytt. Það er einnig slæmt að ekki sé gert ráð fyrir minnkandi tollvernd á næstu árum. Fyrir íslenska neytendur skiptir miklu að séð verði fram á að búvöruverð lækki á næstu árum. Fyrir íslenskan landbúnað skiptir einnig miklu að greinin verð samkeppnishæf gagnvart innflutningi, sem eflaust mun aukast.

Að öllu samanlögðu telur miðstjórn ASÍ að sú tollvernd sem áætluð er á íslenskum landbúnaðarafurðum sé of mikil og að setja þurfi markmið um minnkandi tollvernd á næstu árum. Í starfi sínu að landbúnaðarmálum, t.d. í sjömannanefnd, hefur ASÍ haft það að leiðarljósi að lækka verð á búvörum án þess að rýra þurfi kjör bænda. Þróunin hefur gengið í þessa átt á síðustu árum, en allt of hægt. Skipulagsbreytingar í landbúnaði hafa gengið of hægt til þess að greinin hafi aukið samkeppnishæfni sína nægilega. Nauðsynlegt er að efla þetta starf verulega með samvinnu bænda, stjórnvalda og annarra aðila í þjóðfélaginu. ASÍ er eftir sem áður reiðubúið til þess að taka fullan þátt í þessu starfi.